


Útsýni úr stofu. Eitt af málverkum Ragnheiðar frá síðustu árum hennar.

á mann eins og hreyfingar í dansi fremur en meitlaður þungi".

Sýning Ragnheiðar kom líkast ferskum gusti í einhverju mesta sýningarflóði sjöunda áratugarins en heilar ellefu einka- og samsýningar munu hafa opnað um svipað leyti, — og alveg óvænt bar þessi óþekkta stærð úr vestrinu af þeim flestum og jók mönnum trú á málverkið.

Ragnheiður varð fljótlega meðlimur Félags íslenskra myndlistarmanna eftir að hún fluttist heim og leið ekki á löngu áður en óskað var eftir þessari traustvekjandi konu til ábyrgðarstarfa innan félagsins. Starfaði hún í sýningarnefnd í nokkur ár og mun hafa verið formaður eitt árið. Ég minnist þess vel, hve gott var að fá þennan nýja starfskraft í það vanþakkláta starf sem það jafnan er, að velja og hafna myndum starfsbræðra sinna á sýningar. Um heiðarleika hennar og góða dómgreind efaðist ábyggilega enginn, hún var róleg en ákveðin í skoðunum ef því var að skipta, — sjálfstæð í mati sínu og lét engan segja sér fyrir verkum. Hún var þannig stór í sniðum og maður vissi hvar maður hafði hana.

Það var aðallega vegna starfa Ragnheiðar í sýningarnefnd að með okkur tókust nokkur kynni, en einnig sá ég henni alloft bregða fyrir í Sundlaug Vesturbæjar, þar sem hún mun hafa verið tíður gestur. Stundum tókum við tal þar og ræddum þá aðallega um félagsmál myndlistarmanna, en þar fóru skoðanir okkar um margt saman. Ragnheiði mun hafa runnið til rifja hve frumstæð félagsmál ísl. myndlistarmanna voru og hvernig jafnvel einföldustu hagsmunaleg atriði vöfðust fyrir mönnum og hve samtakamáttur þeirra var lítill. Hún var að ég held með umboð fyrir ameríska olíuliti, sem hún flutti inn og notaði sjálf en fór svo smátt og smátt að láta félaga sína njóta góðs af og seldi þeim með lágmarksálagningu og ræktaði þar eiginlega sjálfsagt hlutverk FÍM. Var það mikill fjárhagslegur ávinningur í formi sparnaðar fyrir listamenn að verzla við hana og voru margir henni mjög þakklátir fyrir framtakið, svo sem nærri má geta.

Svo vel bar Ragnheiður sig er ég sá hana nokkrum mánuðum fyrir andlát hennar í Vesturbæjarlauginni, að ég hefði naumast trúað því ef einhver hefði sagt mér að þar færi kona um sextugt og hefði mér þótt öllu trúlegra að hún væri að nálgast fimmtugsaldurinn.

— Frá fyrstu sýningu Ragnheiðar Jónsdóttur Ream hérlendis og til andláts hennar liðu einungis tíu ár, en þessi áratugur var virkasti áratugur hennar í list og starfi. Einkasýningar hennar urðu þrjár og þar af ein stór í Norræna húsinu, — þá var hún þátttakandi í sumarsýningu Norræna hússins 1976. Hún var og þátttakandi í fimm Haustsýningum FÍM og sumarsýningu Myndlistarhússins á Miklatúni 1973. Þá var henni boðið að vera með í sýningunni „8 islandske kunstnere", Bergen, Kiruna og Luleå árið 1975. Á þessum stutta starfsferli listakonunnar festu mörg söfn sér myndir hennar, svo sem Bergen Billedgalleri, Listasafn Íslands, Listasafn alþýðu, Listasafn Árnessýslu, American University Collection, Listasafn Reykjavíkurborgar og Listasafn Kópavogs. Upptalningin sýnir glögglega hvílíkrar virðingar og viðurkenningar hún uppskar með verkum sínum og athafnasemi, sem var mjög að makleikum. Ferill Ragnheiðar er jafnframt lýsandi dæmi þess hve langt má ná með ró og æðruleysi, stefnufestan er þá meginatriðið, starfið borið uppi af áhuga og kjörorðið: „Festina lente" — Flýttu þér hægt . . .

Ragnheiður fór ekki í launkofa með það, að þeir amerískir myndlistarmenn er hún mat einna mest, voru þeir Mark Rothko og Richard Diebenkorn og varð hún einkum fyrir beinum áhrifum af þeim síðasttalda. Þessir tveir menn spönnuðu miklar andstæður í málverkum sínum, þótt aðalatriðið hjá báðum væri sterk og rismikil burðargrind. Svo var einnig með málverk Ragnheiðar Ream þótt liturinn væri aðal þeirra ásamt ríkri kennd fyrir íslenskri náttúru.

Dauðinn heimti drjúgan toll frá íslensku málverki, er Ragnheiður Jónsdóttir Ream lést hinn 22. desember 1977.

Bragi Ásgeirsson



Ragnheiður ásamt mynd, sem unnin er undir merki abstrakt expressjónisma. Ragnheiður hafði samt oftast fyrirmyndir úr landslagi, þegar hún vann myndir í þessum stíl.



Teikning eftir höfund ljóðsins

Úlfur Ragnarsson læknir:

Til ættjarðarinnar

Sé ég grund
safagræna.
Samt ertu ættjörð
í öngum þínum.
Sé ég lauk
mót ljósi spretta.
Samt ertu þreytt
og þungbúin.
Gauk heyri ég
gala í suðri.
Samt býr þér uggur
í andlitsdráttum.
Vor glitrar
í vatnaspeglum.
Seg mér:
Hvað syrgir þig?